

Almennar vinnureglur við ráðningar sumarstarfsfólks hjá Hafnarfjarðarbæ 2014

1. Almenn sumarstörf hjá Hafnarfjarðarbæ verða auglýst laus til umsóknar og allar umsóknir fara í gegnum sama farveg. Hver umsækjandi getur sótt um fleira en eitt starf sem og óskað eftir að vinna á ákveðnu tímabili. Sótt er um sumarstörf á vef Hafnarfjarðarbæjar. Hægt er að fá aðstoð við útfyllingu umsókna í Þjónustuveri Strandgötu 6 og í Vinnuskóla Hrauntungu 5.
2. Sumarstörfin verða auglýst eigi síðar en 10. mars og tekið verður við umsóknum frá 10. mars til 4. apríl árið 2014.
3. Ekki verður tekið við neinum umsóknum eftir að umsóknarfresti lýkur.
4. Ráðningartími í flest störfin er 216 klst. í um 6 - 7 vikur fyrir 18 – 20 ára, en 120 klst. í um 4 vikur fyrir 17 ára 21 árs og eldri starfa í 264 klst.
5. Forgangshópur vegna ráðningar eru þeir sem eiga lögheimili í Hafnarfirði.
6. Þeir sem eru án sumaravinnu hafa forgang vegna ráðningar í sumarstörf. Þeir sem eru á launum eða lífeyri s.s. í orlofi, fæðingarorlofi, launuðu námsleyfi eða ellilífeyri fá ekki sumarvinnu.
7. Horft verður til umsagnar (skv. matskerfi úr Vinnuskóla og / eða umhverfi og framkvæmda við val á starfsfólki, þar sem við á. Fulltrúar Vinnuskólans og umhverfi og framkvæmda ráða sumarstarfsmenn og fulltrúar íþróttafélaga þá sem munu starfa þar. Áður en nýir starfsmenn eru ráðnir, sem ekki hafa unnið áður í sumarstarfi, skal fara fram ráðningarviðtal fyrir 18 ára og eldri.
8. Aldurstakmörk sem kynnt eru í upplýsingum um störf verða virt við ráðningar.
9. Stefnt er að því að öllum umsækjendum verði svarað með formlegum hætti í síðasta lagi í byrjun maí. Skrifstofa Vinnuskólans ber ábyrgð á því að svara umsækjendum.
10. Gerður verður ráðningasamningur við sumarstarfsmenn 18 ára og eldri sem ráðnir verða.